
Nýsköpunar- þjónusta





Fræðsla og ráðgjöf

Fræðsla

Landsbankinn hefur tekið saman efni á landsbankinn.is um hvernig frumkvöðlar geta fundið hugmyndum sínum farveg og stofnað fyrirtæki. Einnig er þar hægt að fá yfirsýn yfir styrki og fjármögnunarmöguleika og fá fréttir og upplýsingar um fundi, fyrirlestra og aðra viðburði sem tengjast nýsköpun. Bankinn mun jafnframt standa fyrir fræðslufundum og útgáfu á efni sem kemur frumkvöðlum að góðum notum.

Ráðgjöf og þjónusta

Sérfræðingur Landsbankans er í nánnum tengslum við nýsköpunarumhverfið og veitir nýsköpunar- og sprotafyrirtækjum ráðgjöf um mál sem snerta starfsumhverfi þeirra. Fyrirtækjasérfræðingar í næsta útibúi geta jafnframt veitt ráðgjöf um vörur og þjónustu sem hentar þínu fyrirtæki.

Atvinnu- og nýsköpunarhelgar

Landsbankinn er meginbakhjarl og samstarfsaðili atvinnu- og nýsköpunarhelga Innovit sem verða haldnar vítt og breitt um landið. Þátttakendur njóta leiðsagnar og ráðlegginga sérfróðra aðila og fá tækifæri til að hlusta á reynda fyrirlesara miðla þekkingu sinni varðandi framgöngu hugmynda og stofnun fyrirtækja.

Stuðningur

Í takt við þá stefnu bankans að vera hreyfiafl
í samfélaginu, veitir Landsbankinn nýsköpun
stuðning, m.a. í formi nýsköpunarstyrkja og -lána.

Nýsköpunarstyrkir

Markmið nýsköpunarstyrkja Landsbankans er að veita frumkvöðlum tækifæri til að þróa nýja viðskiptahugmynd, eldri hugmynd á nýju markaðssvæði eða nýja vöru/þjónustu. Styrkjunum er jafnframt ætlað að styðja við frumkvöðla til kaupa á efni, tækjum eða sérfræðiþjónustu sem og að sækja

námskeið sem nýtist við þróun. Styrkirmir eru hluti af samfélagssjóði Landsbankans og eru veittir árlega.

Nýsköpunarlán

Landsbankinn býður viðskiptavinum með góða viðskiptahugmynd upp á yfirdráttarlán á hagstæðari kjörum en almennt gerist. Hægt er að sækja um allt að

750.000 kr. lán til 48 mánaða og er lánið án lántökugjalds og uppgreiðslugjalds. Lánin eru m.a. ætluð til tækjakaupa, kaupa á hugbúnaði, þátttöku í námskeiðum, til kaupa á sérfræðiþjónustu eða sérfræðiráðgjöf og þátttöku í vörusýningum. Tilgangurinn er að auðvelda viðskiptavinum að hrinda hugmyndum í framkvæmd.

Nýsköpunarstyrkir

Styðjum frumkvöðla til góðra verka

Stuðningur við nýsköpun

Nýsköpunarlán

Allt að 750.000 kr. án lántökugjalds

Við styðjum nýsköpun

Greiður aðgangur að þekkingu, faglegri ráðgjöf og almennri fjármálaþjónustu skiptir verulegu máli fyrir starfsemi nýsköpunarfyrirtækja.

Markmið

Nýsköpunarþjónustan þjónar og styður við nýsköpunar- og sprotafyrirtæki og það umhverfi sem þau starfa í. Boðið er upp á ráðgjöf sem tengist fjármálum, rekstri og starfsumhverfi fyrirtækjanna.

Þjónusta í boði

- » Fræðsla um starfsumhverfi nýsköpunar- og srotafyrirtækja
- » Aðstoð við að stofna fyrirtæki
- » Almenn fjármála- og rekstrarráðgjöf
- » Vöruframboð sem endurspeglar þarfir frumkvöðla,

nýsköpunar- og sprotafyrirtækja

- » Nýsköpunarlán og styrkir
 - » Yfirlit yfir styrki og fjármögnunarmöguleika
 - » Fréttir og upplýsingar um viðburði sem tengjast nýsköpun
 - » Möguleiki á að stofna til tengsla við aðra aðila í nýsköpun
-

Kynntu þér nýsköpunarþjónustu Landsbankans
